**Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
**Samráðsgátt**

Reykjavík 19. febrúar 2020

**Efni: Áform um frumvarp til laga um reglubundna upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) fagna áformum um að sett verði ný heildarlög sem munu kveða á um reglubundna upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa í sérlöggjöf. Lögin munu innleiða tilskipun 2004/109/EB með síðari breytingum í íslensk lög.

Í áformunum kemur fram að útgefendur verðbréfa muni ekki þurfa langan tíma til aðlögunar að nýjum reglum en gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram á vorþingi 2020. Það er reynsla aðildarfélaga SFF að við lagabreytingar sé ávallt þörf á góðum aðlögunartíma og því óskað eftir því að tekið verði tillit til þess.

Virðingarfyllst,

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur